

Reykjavík, 6. nóvember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands (35. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að ráðherra móti viðskiptastefnu sem hafi það markmið að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til neytenda.

Viðskiptaráð tekur heilshugar undir með flutningsmönnum tillögu þessarar. Eins og komið er skilmerkilega inná í skýrslu *McKinsey & Company* um Ísland þá er töluverður framleiðislaki í innlendri þjónustu, sem innlend verslun fellur undir.¹ Þar kemur jafnframt fram að erfitt mun reynast að auka framleiðnigetu hagkerfisins í heild ef illa tekst til innan innlendrar þjónustu. Aflvaki umbóta í þessum efnum er aukin samkeppni með afnámi aðgangshindrana og opnun hagkerfisins – þar spila tollar lykilhlutverk.

Eins og komið er inná í nýlegri skýrslu Viðskiptaráð – *13 tillögur til aukinnar hagkvæmni* – þá aukast alþjóðaviðskipti og samkeppni eftir því sem hagkerfi eru opnari.² Háir tollar, vörugjöld og almennt þrep virðisaukaskatts einangra hins vegar hagkerfi og geta valdið velferðartapi fyrir þjóðfélagið. Ef horft er á stöðu Íslands í þessu samhengi þá stöndum við nágrannaþjóðum okkar að baki. Tollar eru tæplega þrefalt hærri hér og neyslustýringaráhrif tvöföld. Á meðan nágrannalöndin leggja nær eingöngu tolla og vörugjöld á vörutegundir sem valda samfélagslegum kostnaði eru fjölmargir vöruflokkar hér tollaðir, sem engum slíkum kostnaði valda. Í þessum álögum felast sértækir neysluskattar til viðbótar við virðisaukaskatt þar sem nær engin innlend framleiðsla á sér stað í flestum þessara greina.

Var því lagt til í skýrslunni að tollar og vörugjöld á vörur sem ekki valda samfélagslegu tjóni yrðu lögð niður og þess í stað yrði skattstofn VSK breikkaður með afnámi undanþága og sameiningu skattþrepa. Skilvirkara, hlutlausara og gagnsærra neysluskattkerfi myndi ekki skerða skatttekjur hins opinbera vegna þess tekjuauka sem verður til við einföldun kerfisins. Breyting af þessum toga myndi ýta undir framleiðniaukningu á marga vegu, líkt og reifað er í skýrslunni. Þá var einnig lagt til í skýrslunni að skoðað yrði að opna Ísland einhliða að þessu leyti, þ.e. að aðgerðir til að opna hagkerfi myndu ekki ráðast af sambærilegum aðgerðum í öðrum löndum. Í tilviki Íslands, verandi lítið og tiltölulega einsleitt hagkerfi, bendir margt til að einhliða opnun myndi ávallt skila samfélagslegum ábata.

Þá var fjallað ítarlega um stöðu innlendrar þjónustu í tillögum verkefnisstjórnar *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld*.³ Þar voru lagðar fram 6 tillögur til umbóta, s.s. með eflingu samkeppnisumhverfisins, aukinni samkeppni á búvörumarkaði, einföldun regluverks og jöfnun og einföldun neysluskatta.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri

¹ Sjá m.a. frétt á vef Viðskiptaráðs – [Leið Íslands til aukins hagvaxtar kynnt](#).

² Viðskiptaráð Íslands, [13 tillögur að aukinni hagkvæmni](#), febrúar 2013, bls. 41-48 og [skoðun Ví um neysluskatta](#).

³ Tillögur verkefnisstjórnarinnar má sjá [hér](#), glærur 143-193.

Viðskiptaráð Íslands